

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins og vinnuregla um vatnshitamælingu eru sem hér segir fyrir Hitaveitu Blönduóss:

- | | | |
|--|-----|---------|
| a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði verði | kr. | 910,00 |
| og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða ársrúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð. | | |
| b) Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns | kr. | 55,40 |
| c) Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns | kr. | 101,64 |
| d) Gjald fyrir lokun og enduropnun | kr. | 1819,40 |
| e) Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu). Notendur geta sótt skriflega um afslátt frá liðum a), b) og c) ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælaborns eftir að áætlað hámarksrennsli hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur. Útihitastig meðan á mælingu stendur skal vera á bilinu -4°C til -6°C. Afsláttur skal vera sem hér segir: | | |
| 1. 5% ef hitastig mælist hærra en 51°C en lægra eða jafnt og 55°C. | | |
| 2. 10% ef hitastig mælist hærra en 48°C en lægra eða jafnt og 51°C. | | |
| 3. 15% ef hitastig mælist 48°C eða lægra. | | |

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu, skal hann greiða kr. 910,00.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Rúmmál húss (utanmál) Heimæðargjald

Allt að 300 m ³	123.000 kr.			
300 - 2 000 m ³	123.000 kr.	fyrir	300 m ³	og 113 kr./m ³ þar yfir
2 000 - 6 000 m ³	315.139 kr.	fyrir	2 000 m ³	og 90 kr./m ³ þar yfir
6 000 - 10 000 m ³	674.163 kr.	fyrir	6 000 m ³	og 73 kr./m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	966.698 kr.	fyrir	10 000 m ³	og 64 kr./m ³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 11.972 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. janúar 2003, 278,0 stig.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar af iðnaðarráðherra hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 561, 24. júlí 2000.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. mars 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps er heimilt að leggja á sérstök sorphirðugjöld (sorphreinsunar- og sorphörgunargjald), sem innheimt verða með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Sorphreinsunargjald:

Árlegt gjald kr. 8.000 á íbúð en þar sem lítið sorp er kr. 5.000. Í gjaldinu eru innifaldir 50 pokar.

3. gr.

Sorphörgunargjald frá atvinnurekstri, sem notar gáma og/eða hefur aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum:

Árlegt gjald samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs er sem hér segir:

Flokkur 1	kr.	4.000	Flokkur 4	kr.	50.000
Flokkur 2	kr.	10.000	Flokkur 5	kr.	100.000
Flokkur 3	kr.	25.000	Flokkur 6	kr.	200.000

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá þessari er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.